

Breytt vinnulag til aukins árangurs

ENDURHÆFING SKILYRÐI GREIÐSLU ÖRORKULÍFEYRIS

Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, lögfr. LSR

Endurhæfing skilyrði greiðslu örorkulífeyris

Sjóðirnir með heimild í samþykktum að skilyrða greiðslur.

Byggir á 6. mgr. 15. gr. laga nr. 129/1997:

„Heimilt er, að fengnu álitni trúnaðarlæknis lífeyrissjóðs, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans enda sé þess gætt að slík endurhæfing standi honum til boða og aðstæður viðkomandi leyfi að hann nýti sér hana.“

Sjóðirnir hafa ekki verið að nýta þessa heimild.

Tillaga að ferli.

1. Texti í umsókn

Vakin athygli á því strax í umsókn að örorkulífeyrisgreiðslur kunni að vera skilyrtar við þátttöku í starfsendurhæfingu.

Ég geri mér grein fyrir að samkvæmt samþykktum sjóðsins er hægt að skilyrða greiðslu örorkulífeyris við þátttöku mína í endurhæfingu.

Þessi texti er í umsóknum flestra sjóða.

2. Texti í úrskurðarbréf

Ef trúnaðarlæknir telur starfsendurhæfingu raunhæfa er heimilt að skilyrða greiðslu örorkulífeyris við að sjóðfélagi sinni endurhæfingu.

Hér er tillaga að texta í fyrsta bréf um greiðslu.

Vakin er sérstök athygli á að starfsendurhæfing er talin raunhæf í þínu tilviki að mati trúnaðarlæknis LSJ og setur sjóðurinn það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að þú sinnir endurhæfingu, sbr. X. gr. samþykka sjóðsins.

Sé endurhæfingu ekki sinnt getur það leitt til þess að greiðslur verði stöðvaðar.

Gert á áberandi máta.

3. Áminning

Ef lífeyrissjóður fær upplýsingar um að sjóðfélagi sinni ekki endurhæfingu:

- Sjóðfélaga sent bréf með áminningu um að sé endurhæfingu ekki sinnt verði greiðslur stöðvaðar.
- Sjóðfélaga bent á að vera í sambandi við VIRK hið fyrsta.
- Sjóðfélaga gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri með ástæðum þess að starfsendurhæfingu var ekki sinnt.

Ef sjóðfélagi er í sambandi við sjóðinn og vill fara aftur til VIRK lætur sjóðurinn VIRK vita.

3. Áminning frh.

Tillaga að texta í áminningarbréf sé endurhæfingu ekki sinnt:

Efni: Starfsendurhæfingu ekki sinnt – Áminning

LSJ hefur fengið upplýsingar frá VIRK-starfsendurhæfingu um að þú hafir ekki sinnt endurhæfingu. Hér með er minnt á að trúnaðarlæknir taldi starfsendurhæfingu raunhæfa í þínu tilviki og í bréfi LSJ dags. XX.XX.XXX kom fram að sjóðurinn setti það sem skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að þú sinntir endurhæfingu. Er þér bent á að vera í sambandi við VIRK hið fyrsta.

Verði endurhæfingu ekki sinnt verða greiðslur stöðvaðar frá og með XX.XX.XXXX.

Viljir þú koma á framfæri ástæðum þess að að starfsendurhæfingu hefur ekki verið sinnt er þér bent á að skila skriflegum athugasemdum fyrir XX.XX.XXXX.

4. Tilkynning um stöðvun – send með sannanlegum hætti

Sé endurhæfingu enn ekki sinnt skal senda bréf með sannanlegum hætti

- Í ábyrgð

Sjóðfélaga gefinn kostur á að mótmæla ákvörðuninni.

4. Tilkynning um stöðvun – send með sannanlegum hætti frh.

Tillaga að texta í lokabréf sé endurhæfingu ekki sinnt:

Efni: Starfsendurhæfingu ekki sinnt – Stöðvun greiðslna örorkulífeyris

Í bréfi LSJ frá XX.XX.XXXX var þér tilkynnt að skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris væri að þú sinntir endurhæfingu, sbr. X. gr. samþykktá sjóðsins og var þér jafnframt tilkynnt að væri endurhæfingu ekki sinnt gæti það leitt til þess að greiðslur yrðu stöðvaðar. Með bréfi LSJ var þér send áminning um að verði endurhæfingu ekki sinnt komi til stöðvunar á greiðslum. Þar sem þú hefur ekki sinnt endurhæfingu mun LSJ stöðva greiðslur frá og með XX.XX.XXXX.

Þér er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við þessa ákvörðun. Þurfa þær að vera skriflegar og berast sem allra fyrst og eigi síðar en XX.XX.XXXX.

Takk fyrir!

